



cutting through complexity™

Fjallabyggð

Endurskoðunarskýrsla

Apríl 2011



KPMG ehf.
Endurskoðunarsvið
Glerárgötu 24
600 Akureyri

Sími: +354 461 6500
Fax: +354 461 6501

Trúnaðarmál
Akureyri, 13. apríl 2011

Bæjarstjórn Fjallabyggðar
Ingvar Erlingsson, forseti bæjarstjórnar

Endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2010 er lokið. Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun eins og lýst var í bréfi okkar dagsettu 20. október 2010. Við höfum endurskoðað ársreikning sveitarfélagsins en hann hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Hér á eftir fara ýmsar upplýsingar um ársreikninginn og endurskoðunina ásamt ábendingum og athugasemdum eftir því sem við á.

Við munum veita allar frekari upplýsingar um endurskoðunina ef óskað verður eftir því.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

Þorsteinn G. Þorsteinsson

endurskoðandi

Afrít: Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri

Í tengslum við þessa skýrslu
má hafa samband við:

Þorsteinn G. Þorsteinsson
Partner, Akureyri

Sími: 461 6500

Fax: 461 6501

tthorsteinsson@kpmg.is

	Bls.
1. Meginniðurstöður	3
2. Endurskoðun ársreiknings	4
3. Fjárhagsáætlun og rauntölur	5
4. Mat stjórnenda og reikningshaldslegt mat	7
5. Mikilvægar reikningskilaaðferðir	8
6. Önnur mál	9

Atriði	Helstu niðurstöður	Frekari umfjöllun
Nálgun, umfang og áritun okkar	<ul style="list-style-type: none"> Áritun okkar á ársreikning Fjallabyggðar er fyrirvaralaus. 	Bls. 4
Rekstur sveitarfélagsins	<ul style="list-style-type: none"> Rekstrarniðurstaða A og B hluta á árinu var jákvæð um 34,1 millj. kr., en niðurstaða A hluta var jákvæð um 85,2 millj. kr. Áætluð rekstrarniðurstaða A og B hluta á árinu var neikvæð um 35,4 millj. kr. en áætluð niðurstaða A hluta var jákvæð um 40,7 millj. kr. 	Bls. 5
Mat stjórnenda og reikningshaldslegt mat	<ul style="list-style-type: none"> Við höfum yfirfarið mat stjórnenda og teljum helstu ákvarðanir því tengdar viðeigandi fyrir gerð ársreiknings félagsins. 	Bls. 6
Breytingar á reikningsskilaaðferðum	<ul style="list-style-type: none"> Í ársbyrjun 2010 voru gerðar breytingar á reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins í samræmi við álit Reikningsskila- og upplýsinganefnda sveitarfélaga. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur tekjur af eru nú færðar í efnahagsreikning. Áhrif þessara breytinga voru 608,3 millj. kr. til hækkunar á eigin fé. 	Bls. 8
Önnur mál	<ul style="list-style-type: none"> Við erum óháðir endurskoðendur hvað varðar endurskoðun hjá Fjallabyggð. 	Bls. 9

Endurskoðunin er unnin í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Við endurskoðunina hafa ekki komið fram neinir verulegir annmarkar og er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

2. Endurskoðun ársreiknings:

2.1. Almenn

- Ársreikningur Fjallabyggðar er í samræmi við lög um ársreikninga.
- Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.
- Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.
- Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.
- Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

2.2. Endurskoðunarnálgun fyrir Fjallabyggð

Við endurskoðun á ársreikningi ársins 2010 þá:

- Skoðuðum við innra og ytra umhverfi sveitarfélagsins.
- Greindum mikilvæg reikningshaldsleg og endurskoðunarleg málefni.
- Skoðuðum stjórnarhætti og innra eftirlit með fjárhagsupplýsingum.

Við beindum einnig sjónum okkar að :

- Greiningaraðgerðum á fjárhagslegri afkomu.
- Staðfestingu á eignum og skuldum.
- Niðurstöðum á mikilvægum reikningshaldslegum og endurskoðunarmálefnum.
- Skýringum ársreiknings.

2.3. Áritun ársreiknings

- Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Fjárhagsáætlun ársins 2010 var samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn þann 21. janúar 2010

Endurskoðuð fjárhagsáætlun var samþykkt þann 13. október 2010

Endurskoðuð fjárhagsáætlun er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur

3.1 Rekstrarniðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun

- Gerð var greining og samanburður á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins við fjárhagsáætlun þess. Við þessa greiningu voru allar stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins skoðuð og stærri frávik sem fram komu við greininguna voru skoðuð sérstaklega.
- Framlög Jöfnunarsjóðs og skatttekjur voru 19,7 millj. kr. hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Aðrar tekjur og söluhagnaður eigna voru 19,3 millj. kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Samtals eru tekjur 39,0 millj. kr. hærri en áætlun. Annar rekstrarkostnaður var 30,1 millj. kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Laun og launatengd gjöld voru 6,7 millj. kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir.
- A hlutastofnanir: Rekstrarniðurstaða Eignarsjóðs var 19,1 millj. kr. hagstæðari en áætlun gerði ráð fyrir. Fráviknið skýrist af lægri fjármagnsgjöldum þar sem gert var ráð fyrir hærri verðbótum í fjárhagsáætlun en raun varð á.
- B hluta fyrirtæki: Rekstrarniðurstaða Hafnarsjóðs var 11,7 millj. kr. hagstæðari en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir og skýrist fráviknið af hærri tekjum sjóðsins en áætlað var. Rekstrarniðurstaða Íbúðasjóðs var 4,7 millj. kr. hagstæðari en áætlað var og skýrist fráviknið af lægri verðbóttagjöldum en áætlað var. Rekstrarniðurstaða Veitustofnunar var 8,6 millj. kr. hagstæðari en áætlað var og skýrist fráviknið af lægri verðbóttagjöldum en áætlað var
- Á heildina litið eru jákvæð frávik frá áætlun 69,5 millj. kr. í samanteknum ársreikningi A og B hluta og 44,5 millj. kr. í A hluta.

Rekstur A hluta	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Frávik frá áætlun
Rekstrartekjur	1.422.286	1.388.299	2,45%
Rekstrargjöld	1.361.846	1.383.743	-1,58%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	24.757	36.122	-31,46%
Rekstrarniðurstaða ársins	85.198	40.678	

Rekstur A og B hluta	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Frávik frá áætlun
Rekstrartekjur	1.586.862	1.547.841	2,52%
Rekstrargjöld	1.513.115	1.538.679	-1,66%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-39.666	-44.590	11,04%
Rekstrarniðurstaða ársins	34.082	-35.428	

A hluta stofnanir:	Rekstrarniðurstaða	Fjárhagsáætlun	Frávik frá áætlun	
Eignarsjóður		11.304	-7.839	255,80%
A hluti samtals	85.198	40.678		

B hluta fyrirtæki:	Rekstrarniðurstaða	Fjárhagsáætlun	%Frávik frá áætlun
Hafnarsjóður	10.431	-1.277	916,84%
Íbúðasjóður	-9.050	-13.716	34,02%
Veitustofnun	-52.497	-61.112	14,10%
A og B hluti samtals	34.082	-35.428	

3.2 Sjóðstreymi

- Veltufé frá rekstri í samanteknum reikningsskilum fyrir A og B hluta nam 172,0 millj. kr. og handbært fé frá rekstri 248,5 millj. kr. Fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir 138,7 millj. kr. í veltufé frá rekstri og einnig í handbært fé frá rekstri.
- Fjárfestingarhreyfingar sveitarfélagsins voru neikvæðar um 208,1 millj. kr. á árinu sem er að mestu vegna kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum umfram sölu. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að fjárfestingarhreyfingar yrðu neikvæðar um 220,7 millj. kr.
- Fjármögnunarhreyfingar ársins voru neikvæðar um 94,7 millj. kr. vegna afborgana langtímalána en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 87,8 millj. kr. í afborganir lána.
- Handbært fé í árslok nam 270,3 millj. og hafði lækkað um 54,3 millj. kr. frá fyrra ári. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að handbært fé í árslok næmi 154,7 millj. kr.

Við höfum yfirfarið mat stjórnenda og teljum helstu ákvarðarnir því tengdar viðeigandi við gerð ársreiknings sveitarfélagsins vegna ársins 2010.

4. Mat stjórnenda og reikningshaldslegt mat

Gerð ársreikninga í samræmi við lög um ársreikninga krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Mat stjórnenda hefur fyrst og fremst áhrif á viðskiptakröfur þar sem mat er lagt á hvort niðurfærsla sé hæfileg.

Við höfum yfirfarið mat stjórnenda og teljum helstu ákvarðarnir því tengdar viðeigandi við gerð ársreiknings sveitarfélagsins vegna ársins 2010.

4.1 Viðskiptakröfur

- Viðskiptakröfur voru kannaðar sérstaklega með tilliti til tapsáhættu. Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum um 0,9 millj. kr. á árinu og alls nemur niðurfærslan í árslok 17,7 millj. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

4.2 Lífeyrisskuldbinding

- Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á áunnum lífeyrisréttindum starfsmanna í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í árslok 2010 námu skuldbindingar sveitarfélagsins 640,5 millj. kr. 2,0% ársvexti. Hækkun skuldbindinganna á árinu nam 13,5 millj. kr.

5. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

5.1 Almennt um reikningsskilaaðferðir

- Við höfum kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem lög og reglur mæla fyrir um.
- Í reglugerð nr. 944/2000, um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi hinn 1. janúar 2001, eru ákvæði um reikningsskil sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir að sveitarfélög hagi bókhaldi sínu og reikningsskilum í samræmi við ákvæði laga um bókhald nr. 145/1994 og lögum um ársreikninga að svo miklu leyti sem sveitarstjórnarlög mæla ekki fyrir á annan veg eða reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Ársreikningar sveitarfélaga byggja á almennum reikningsskilaaðferðum.
- Ársreikningur Fjallabyggðar fyrir árið 2010 byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður í samræmi við framangreind lög og reglur, að undanskildum breytingum sem fjallað er um hér á eftir. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum í skýringu 3 í ársreikningi.

5.2 Breytingar á reikningsskilareglum

- Í apríl 2010 gaf Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga út álit 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga.
- Reglur þessar taka gildi og skal þeim beitt við reikningsskil sveitarfélaga fyrir árið 2010. Viðeigandi færslur skulu gerðar í ársbyrjun 2010.

5.3. Færsla á lóðum og lendum

- Nú færir sveitarfélagið til eignar lóðir og lendum sem það hefur leigutekjur af. Þessar lóðir og lendum eru færðar á gangvirði, en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum. Eignirnar eru endurmetnar í ársbyrjun 2010 til gangvirðis og endurmatið fært á eiginfjárreikning.
- Endurmatið nam 608,3 millj. kr. og færist til hækkunar á eigin fé sveitarfélagsins.
- Árlega er endurmatið endurreiknað og breytingar færðar á eiginfjárreikning. Breyting endurmatsins nam 75,7 millj. kr. á árinu.

Við erum óháðir
endurskoðendur hvað varðar
endurskoðun hjá
Fjallabyggð

6.1 Kröfur og málaferli

- Við höfum spurt stjórnendur hvort sé að vænta málaferla á hendur sveitarfélaginu af þeirri stærðargráðu að þau teljist hafa mikilvæg áhrif á ársreikninginn. Stjórnendur hafa staðfest að þeir hafi ekki vitneskju um nein málaferli af þeirri stærðargráðu.

6.2 Sviksemi

- Við höfum rætt við stjórnendur um hvort þeir hafi orðið varir við eða fengið vísbendingar um sviksemi og/eða að lög hafi verið brotin. Stjórnendur staðfesta við okkur að þeir hafi ekki orðið varir við neitt slíkt.

6.3 Staðfestingarbréf stjórnenda

- Í samræmi við góða endurskoðunarvenju höfum við fengið í hendur staðfestingarbréf stjórnenda þar sem staðfest eru ýmis mikilvæg atriði varðandi ársreikninginn og að þeir hafi upplýst okkur um öll málefni er gætu haft áhrif á ársreikninginn og að þeim sé ekki kunnugt um skekkjur í ársreikningi sveitarfélagsins.

6.4 Óhæði endurskoðenda

- Samkvæmt siðareglum endurskoðenda og lögum um endurskoðendur er okkur skylt að staðfesta við ykkur að við séum óháðir endurskoðendur hvað varðar sveitarfélagið.
- Við staðfestum hér með að við erum óháðir endurskoðendur hvað varðar Fjallabyggð eins og siðareglur starfsstéttarinnar og lög kveða á um.



cutting through complexity™

© 2011 KPMG ehf., á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative („KPMG International“), svissnesku samvinnufélagi.

Nafn, kennimark KPMG og “cutting through complexity” eru vörumerki KPMG International Cooperative (KPMG International).